

## STJÓRN STRÆTÓ BS.

237. fundur. Föstudaginn 12. febrúar 2016 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Þönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir stjórnarformaður, Sigrún Edda Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Gunnar Valur Gíslason og Kristín Soffía Jónsdóttir sem var í fundarsímanum frá Danmörku. Fjarverandi: Einar Birkir Einarsson. Fundinn sat Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Siðareglur starfsfólks Strætó.
2. Áhættustefna Strætó.
3. Aðal- og ársfundur Strætó 2015, fyrirkomulag.
4. Framkvæmd virðisaukaskatts í rekstri á verkstæði Strætó.
5. Hesthál 14.
6. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk.

### Tekið fyrir:

1. Siðareglur starfsfólks Strætó  
Samkvæmt eigendastefnu Strætó bs. skal stjórn setja siðareglur fyrir starfsfólk fyrirtækisins. Í gildi eru siðareglur stjórnar Strætó frá 30.03.2012. Fyrir fundinum lágu drög að siðareglum fyrir starfsfólk Strætó.  
Stjórn samþykkir að leita álits sviðsstjóra fyrirtækisins á fyrirliggjandi drögum að siðareglum starfsfólks áður en þær verða teknar til afgreiðslu stjórnar.
2. Áhættustefna Strætó  
Samkvæmt eigendastefnu Strætó bs. skal stjórn leggja tillögu að almennri áhættustefnu með mælikvörðum og greinargerð fyrir eigendafund til staðfestingar. Fyrir fundinum lágu drög að áhættustefnu byggðasamlagsins ásamt tillögu framkvæmdastjóra um breytingu á ákvæði gr. 4.3-Áhættustefna í eigendastefnu Strætó.  
Málið verður áfram til umræðu í stjórn.
3. Aðal- og ársfundur Strætó 2015, fyrirkomulag  
Samkvæmt eigendastefnu Strætó bs. skal aðalfundur Strætó haldinn í apríl ár hvert. Fundurinn er opinn öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum eigenda og fjölmiðlum. Í tengslum við aðalfundinn skal haldinn ársfundur opinn almenningi. Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að dagskrá opins ársfundar 2016 sem almenningi og fjölmiðlum verði boðið á.  
Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna að skipulagningu ársfundar Strætó 2016 í samræmi við umræður.
4. Framkvæmd virðisaukaskatts í rekstri á verkstæði Strætó  
Fyrir fundinum lá minnisblað frá Skatta- og lögfræðisviði KPMG, dags. 02.02.2016, varðandi framkvæmd virðisaukaskatts í rekstri á verkstæði Strætó. Minnisblaðið er ritað í kjölfar þess að stjórnendur Strætó óskuðu eftir ítarlegum leiðbeiningum KPMG um framkvæmd og ut anumhald á atriðum sem tengjast virðisaukaskatti af rekstri verkstæðis Strætó bs., sem sinnir viðhaldi og viðgerðum á strætisvögnum í eigu byggðasamlagsins. Í minnisblaðinu er m.a. fjallað um virðisaukaskattskyldu Strætó bs., virðisaukaskatt af eigin vinnu verkstæðis og skráningarskyldu, tilhögun bókhalds og uppgjör virðisaukaskatts af rekstri verkstæðis Strætó. Minnisblaðið var lagt fram. Stjórn leggur áherslu á að farið sé í einu og öllu eftir leiðbeiningum ráðgjafans sem fram eru settar í minnisblaðinu um framkvæmd og ut anumhald á atriðum sem tengjast virðisaukaskatti af rekstri verkstæðis Strætó bs.  
Stjórn óskar eftir að kostnaðaráætlun vegna þessa verði lögð fram á næsta fundi stjórnar.
5. Hesthál 14  
Áframhaldandi umræða frá 232. fundi um húsnæði Strætó á Hesthál 14 í ljósi upplýsinga um að fasteignin sé komin á sölu- og þróunarlista Reykjavíkurborgar og að jafnvel standi

til að bjóða eignina til sölu á almennum markaði. Framkvæmdastjóri skýrði frá fundi sínum með fulltrúum Reykjavíkurborgar nú í febrúar um málið þar sem niðurstaðan var að kannað yrði hjá stjórn Strætó hvort áhugi væri á að kaupa eignina Hesthálsi 14.

Stjórn álitur að á meðan ekki berst um annað formlegt erindi frá eigendum félagsins, sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, ríki um það samkomulag milli eigenda Strætó bs. að starfsemi fyrirtækisins sé með núverandi fyrirkomulagi á Hesthálsi 14. Stjórn telur að áður en grundvöllur sé til umræðu um aðra staðsetningu fyrirtækisins þurfi að fara fram á vettvangi eigenda umræða um framtíðarfyrirkomulag Strætó, m.a. með hliðsjón af áætlun eigenda um eflingu almenningsamgangna og uppbyggingu Borgarlínu samkvæmt gildandi svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

#### 6. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk

Fyrir fundinum lá minnisblað, dags. 12.02.2016, frá sviðsstjóra akstursþjónustunnar með tölfraeðiupplýsingum úr rekstri akstursþjónustu fyrir fatlað fólk 2015. Kostnaður við hverja ferð var á bilinu kr. 3.100-4.200 á árinu 2015. Um þessar mundir eru farnar um 2000 ferðir að meðaltali á virkum dögum og um 250 ferðir daglega um helgar. Í janúar 2016 var meðalkostnaður á ferð um kr. 3.150. Markmið er að ná fram frekari hagræðingu í rekstri akstursþjónustunnar, m.a. með því að bæta nýtingu á A bílum, með breytingu á pöntunartíma og í gegnum rafrænar ferðapantanir. Jafnframt verður lögð áhersla á að auka traust á þjónustunni sem fór illa af stað í byrjun árs 2015.

Stjórn lýsir yfir áhyggjum sínum af því hversu margar ferðir eru ekki afpantaðar með tilsettum fyrirvara og hvað það veldur miklum kostnaði í rekstri akstursþjónustunnar. Áætla má að kostnaður vegna þessa sé allt að 36 m.kr. á ári.

Fleira var ekki tekið fyrir.

### **Fundi slitið kl. 12:45.**

Fylgiskjöl:

- Minnisblað frá Skatta- og lögfræðisviði KPMG, dags. 02.02.2016.
- Minnisblað og kynning dags. 12.02.2016 frá sviðsstjóra akstursþjónustunnar með tölfraeðiupplýsingum úr rekstri akstursþjónustu fyrir fatlað fólk 2015.

---

Bryndís Haraldsdóttir  
Gunnar Valur Gíslason  
Sigrún Edda Jónsdóttir

---

Kristín Soffía Jónsdóttir  
Theódóra S. Þorsteinsdóttir